

Alþingi
Erindi nr. P 126/2209
komudagur 2.5.2001

Félagsmálanefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10, 150 Rvk.

Mannréttindasamtök innflytjenda
á Íslandi og fjölskyldna þeirra,
Pósthólf 9384, 129 Rvk.

Athugasemdir um frumvarp til laga um atvinnuréttindi útlendinga

624. mál

Reykjavík, 29. apríl, 2001

Virðulega félagsmálanefnd,

Við sendum hér með stutta umsögn um frumvarpið til laga um atvinnuréttindi útlendinga þar sem við minnumst á helstu athugasemdir okkar, grein fyrir grein. Mannréttindasamtök innflytjenda eru frjáls félagasamtök einstaklinga sem telja sig til innflytjendafjölskyldna hér á landi eða hafa áhuga á að vera meðlimir af öðrum ástæðum. Við minnum á að íslenskt samfélag er fjölmenningsamfélag og við göngum ávallt út frá því í okkar vinnu og málfutningi.

Við erum ósammála núverandi skilgreiningu á „nánustu“ skyldmennum og teljum þar til; maka (hvort sem er sambúðar- eða hjónabandsmaka), börn (á hvaða aldri sem er), foreldra, systkini og börn systkina. Við höfum áður lagt fram hugmyndir um að skyldmennum sé skipt í t.d. 3 gráður eða stig þar sem makar, börn, foreldrar væru í rétthæst, síðan t.d. systkini og börn systkina og loks fjarskyldari ættingjar.

Við teljum ýmislegt í frumvarpinu til bóta og í heild verða lögin sennilega skárri en núverandi lög. Margt má þó betur fara, sérlega hvað varðar innflytjendur, þann hóp sem við tilheyrum en er ekkert um fjallað í löggjöf um útlendinga á Íslandi. Við bendum á að það þarf að setja heildstæða löggjöf um innflytjendur á Íslandi og mótmælum því að þetta frumvarp sé einhvers konar heildarlöggjöf. Það þarf að sameina dvalar- og atvinnuleyfisveitingar undir einn hatt, alla starfsemi Vinnuárástafnunar og Útlendingaæftirlits (Útlendingastofnunar) nema landamæragæslu. Þetta á að okkar mati allt heima undir félagsmálaráðuneytinu (nema landamæragæslan) og umboðs- eða talsmaður útlendinga væri þá einnig nauðsynlegur sem og annað aðhald frá samtökum og innra gæðaeftirlit.

1. grein - Engar athugasemdir

2. grein

Okkur finnst óeðlilegt að „stefna stjórnvalda hverju sinni“ skuli vera hér afgerandi þáttur í framkvæmd laganna. Lögin eru jú einmitt til þess að vernda fólkið í landinu frá því að stjórnvöld (framkvæmdavaldið) geti skyndilega breytt stefnu sinni og þannig haft verulega áhrif á afkomu þess. Sérstaklega er mikilvægt í svo viðkvæmum málaflokki sem lagasetning um „útlendinga“ (innflytjendur) er, að hafa ekki slíkt ákvæði í lögum. Hér er um að ræða grundvöll fólksins sem lögin taka til, grundvöllinn til lífsviðurværis fyrir heilu fjölskyldurnar í landinu. Við óskum eftir að þessu verði breytt þannig að innflytjendafjölskyldur þurfi ekki að lifa í ótta og óöryggi um afkomu sína eftir því hvernig vindar blása á stjórnarbásnum hverju sinni.

3. grein - Engar athugasemdir

4. grein

Í greininni er alveg opin heimild félagsmálaráðherra til að setja reglur við lögin að eigin geðþótta. Við leggjum til að allar heimildir framkvæmdavaldsins til reglugerðarsetninga verði minnkuð hér í þessum lögum og helst að lögin verði það nákvæm að engra slíkra sé þörf. Málaflökkurinn er mjög viðkvæmur hvað þetta varðar.

5. grein

Heimild ráðherra, samkvæmt 2. mgr., til að binda atvinnuleyfi skilyrðum er of opin í þessari grein. Við óskum eftir að slík heimild sé ekki fyrir hendi ef um nánustu ættingja Íslendinga eða innflytjendafjölskyldna er að ræða og einnig um aðra fjarskyldari ættingja, svo sem systkini og foreldra. Við óskum jafnframt eftir að heimild ráðherra til að skilyrða atvinnuleyfi verði bundin við tímabundin atvinnuleyfi en nái alls ekki til óbundinna atvinnuleyfa sem að okkar áliti eiga að vera algerlega „permanent“ og óhagganleg. Þetta þarf að taka fram sérstaklega.

6. grein - Engar athugasemdir

7. grein

Í fyrsta lagi mótmælum við því að tímabundin atvinnuleyfi eru veitt atvinnurekandanum en ekki einstaklingnum sjálfum. Þetta er að okkar dómi ráðstöfun sem stenst ekki það siðgæði sem Íslenskt samfélag státtar sig af á alþjóðavettvangi og hér er um mannréttindaánýðslu að ræða að okkar dómi.

Í a lið teljum við að skilgreina þurfi „aðrar sérstakar ástæður“ og telja upp einhverjar þeirra, t.d. þá; að um ættingja (samkv. okkar skilgreiningu; maki, barn á hvaða aldri sem er, foreldrar, systkini og börn systkina) Íslendinga sé að ræða. Við mótmælum því líka að atvinnurekanda beri að leita til svæðismiðlunar eftir vinnuafli áður en hann sækir um atvinnuleyfi fyrir ættingja Íslendinga eða meðlim innflytjendafjölskyldu enda um mjög mismunandi og óeðlilega ráðstöfun að ræða sem aðallega hefur verið notuð undanfarið til að gera innflytjendum erfitt fyrir með atvinnuleyfi vegna ættingja sinna. Þetta ákvæði gerir framkvæmdavaldinu mögulegt að nýta jafnvel það örlitla brot samfélagsins sem er á atvinnuleysisbótum til að sækja um störf sem það í raun hvorki vill né getur unnið í þeim einum tilgangi að koma í veg fyrir að atvinnurekandi fái leyfi (atvinnuleyfi) til að ráða innflytjanda í starf.

Hvað varðar b lið, þá mótmælum við því að umsögn stéttarfélaga þurfi að liggja fyrir ef um nánustu ættingja Íslendinga eða innflytjendafjölskyldna sé að ræða, einnig ef um fjarskyldari ættingja er að ræða svo sem systkini og foreldra.

Á sama hátt mótmælum við ákvæðinu í e lið um að atvinnurekandi ábyrgist heimflutning skyldmenna okkar eins og um einhverja gripaflutninga sé að ræða. Þetta ákvæði má eiga við ef viðkomandi hefur engar bjargir hér (þ.e. einstaklingur sem hefur engin fjölskyldutengsl eða önnur úrræði), en þegar um fjölskyldu og ættingja okkar er að ræða er um niðurlægjandi og ómannúðlegar kröfur að ræða og krefjumst við þess að þetta atriði verði tekið til endurskoðunar með tilliti til ekki aðeins nánustu ættingja okkar eins og ráðherra skilgreinir þá heldur líka til barna okkar yfir 18 ára, foreldra, systkina og barna systkina. Þetta er einnig nátengt þeim ósóma sem verið hefur að innflytjendur sem vinna á ótímabundnum atvinnuleyfum hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta þótt þeim sé gert að greiða af launum sínum í atvinnuleysistryggingasjóð. Við mótmælum í lokin því að ráðherra hafi opna heimild til að setja nánari ákvæði og óskum eftir að lögin verði samin þannig að þau taki til málaflokksins í smáatriðum.

8. grein

Við mótmælum harðlega því ákvæði þessarar greinar sem kveður á um að tímabundið atvinnuleyfi skuli liggja fyrir ÁÐUR en útlendingur kemur til landsins. Þetta ákvæði hefur í framkvæmd núverandi laga valdið innflytjendum ómældum erfiðleikum og algerlega ónauðsynlegum kostnaði (eru nú ekki almennt á háum tekjum) við að senda ættingja sína úr landi og til baka meðan á umsókn og afgreiðslu stendur. Viðkomandi útlendingur hefur þá verið tengdur Íslendingum eða innflytjendafjölskyldum og verið hér t.d. í heimsókn. Eftir að hafa dvalist hér um hríð hefur viðkomandi ákveðið að hann/hún vilji setjast hér að, a.m.k. um stundarsakir og því verið ákveðið að finna atvinnurekanda til að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi. Þegar svo á að fara að sækja um leyfin mætir fólk andúð og uppgerðu skilningsleysi starfsfólks Útlendingaeftirlits og Vinnumálastofnunar sem stendur á því að viðkomandi hafi verið að reyna að ljúga sig inn í landið og komið á röngum forsendum með því að heimsækja ættingja sína og taka síðar ákvörðun um að vilja sækja um leyfin. Stofnanirnar neita því að taka við umsókn nema viðkomandi sé kominn úr landi, og hefur þessi niðurlægjandi ráðstöfun valdið því að fólk þarf að kaupa miða úr landi og til baka á meðan umsókn er afgreidd. Sumir hafa þurft að fara til Færeyja í 2-3 daga en aðrir verið sendir til heimalandsins að kröfu Útlendingaeftirlitsins. Þessi valdnýðsla stjórnvalda verður að taka enda og því krefjumst við þess að þetta ákvæði sé fellt út úr frumvarpinu. Hvað er líka óeðlilegt við að fólk sem heimsækir ættingja sína hér á landi ákveði seinna að það vilji dvelja lengur og jafnvel sækja um dvalar- og atvinnuleyfi – Hví má það ekki sækja um það þótt það sé komið til landsins?

Við leggjum til að þegar um ættingja Íslendinga eða innflytjendafjölskyldna er að ræða verði það gert að reglu að veita atvinnuleyfi til 2ja ára eftir að viðkomandi hefur unnið hér á 1 ár. Það myndi líka létta álaginu af Vinnumálastofnun sem tekur sér nú a.m.k. 6-8 vikur í að afgreiða hverja umsókn og kvartar sáran undan vinnuálagi.

Við bendum líka á þá ráðstöfun sem nú er hjá Vinnumálastofnun að veita ekki einstaklingi sem er með dvalarleyfi eitt sér, atvinnuleyfi. Þetta lýsir sér eins og í þessu sanna dæmi sem nú er í afgreiðslu hjá

stofnuninni: Íslensk fjölskylda (allir Íslenskir ríkisborgarar nema umrædd stúlka) sækir um að fá 19 ára dóttur eiginkonunnar til sín hér á landi. Dóttirin er ríkisborgari ríkis utan EES svæðisins. Eftir mikið stapp og yfirheyrslur, fær stúlkan loks tímabundið dvalarleyfi til nokkurra mánaða. Atvinnurekandi ætlar síðar að sækja (nokkrum vikum síðar) um atvinnuleyfi til handa stúlkunni en þá er svarið að sækja verði um hjá Útlendingaeftirlitinu sem fer fram á að sótt verði aftur um nýtt dvalarleyfi og það veitt áður en eftirlitið framsendir umsóknina til Vinnumálastofnunar. Af hverju er í þessu tilfelli ekki hægt að sækja um atvinnuleyfið beint til Vinnumálastofnunar á þeim forsendum að viðkomandi einstaklingur hafi nú þegar tímabundið dvalarleyfi. Þetta er okkur alls óskiljanlegt og ómannúðleg ráðstöfun. Stúlkan er nú búin að vera hér á landi í marga mánuði en enn hefur ekki verið gefið út atvinnuleyfi til atvinnurekandans sem hún ætlar að vinna hjá. Það skal tekið fram að það lá alla tíð fyrir frá fyrstu umsókn að ætlun stúlkunnar væri að setjast hér að hjá fjölskyldu sinni. Einnig viljum við taka fram að við teljum að öll fjölskyldan hafi borið skaða af þessari meðhöndlun stjórnvalda á henni.

Við förum því fram á að bætt verði við 8. grein að veita megi tímabundið atvinnuleyfi til einstaklings sem þegar hefur sjálfstætt tímabundið dvalarleyfi. Um slíkt leyfi mætti þá sækja beint til Vinnumálastofnunar.

9. grein

Við lýsum yfir ánægju okkar með 9. grein.

10. grein - Engar athugasemdir

11. grein

Við óskum eftir að c lið verði breytt. Við skiljum ekki af hverju þetta þarf að vera skilyrði fyrir óbundnu atvinnuleyfi. Í tilfelli ættingja Íslendinga og innflytjenda geta verið ýmsar ástæður þess að viðkomandi hafi ekki unnið á tímabundnu atvinnuleyfi – s.s. vera í skólum, sambúðarmaki heimavinnandi eða slíkt.

Við óskum eftir að tveggja ára tímamarkið í 2. mgr. verði felld niður, sérstaklega ef um er að ræða fólk sem hefur verið gift lengi og flyst til landsins. Okkur finnst óeðlilegt að binda stöðu erlenda makans við hjúskapinn við íslenska makann, og það í heil 2 ár.

Það þarf að skilgreina hvað felst í hugtakinu „föst búseta“. Margar ástæður geta verið fyrir því að fólk dveljist í heimalandinu um hríð, t.d. vegna veikinda náinna skyldmenna o.fl. Það þarf því að upplýsa innflytjendur vel um þessa reglu og setja tímamörk sem eru stöðluð og vel skilgreind.

12. grein - Engar athugasemdir

13. grein - Engar athugasemdir

14. grein

Við lýsum yfir ánægju með að barátta okkar hefur skilað þeim árangri að seinni hluti a liðs sé orðinn staðreynd í lögum. Við hins vegar óskum eftir að í stað þess að erlendir makar Íslendinga séu **UNDANÞEGNIR** lögnum, verði þeim veitt óbundið dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt lögnum enda eiga þeir að okkar dómi rétt á því.

15. grein - Engar athugasemdir

16. grein

Hér er Vinnumálastofnun gefin heimild til að afturkalla atvinnuleyfi sé „ekki lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu atvinnuleyfis“. Þetta hlýtur að vera prentvilla og eiga að hljóða svona: „...ekki lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu tímabundins atvinnuleyfis“ og óskum við eftir að þessu sé breytt. Einnig mótmælum við því að Vinnumálastofnun hafi svo rúma heimild til að afturkalla tímabundin atvinnuleyfi sé um skyldfólk Íslendinga eða innflytjendafjölskyldna að ræða.

17. grein - Engar athugasemdir

18. grein - Engar athugasemdir

19. grein - Engar athugasemdir

20. grein - Engar athugasemdir

21. grein - Engar athugasemdir

22. grein

Við óskum eftir tímamörkum hér. Núverandi ástand er óviðunandi, þ.e. að umsóknir séu margar vikur og jafnvel marga mánuði í afgreiðslu. Það er algengt núna að afgreiðsla taki 8-10 vikur og það er einfaldlega of langur tími.

23. grein - Engar athugasemdir


24. grein - Engar athugasemdir

25. grein

Við óskum eftir að fulltrúi innflytjenda fái að vera í samstarfsnefndinni enda mjög óeðlilegt og ólýðræðislegt að innflytjendur fái ekkert um sín eigin mál að segja á þessum vettvangi. Við mælum með a.m.k. 2 fulltrúum okkar, einum frá *Mannréttindasamtökum Innflytjenda á Íslandi og fjölskyldna þeirra* og einum frá *Fjölmeningarráði*.

Reykjavík, 29. apríl 2001


Guðjón Atlason


Ólafur M. Ólafsson


Ana Isorena Atlason